

Nð.

290. Framvarp

til laga um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurlálfu.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Matth. Ólafsson, Björn Kristjánsson og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Sameinað alþingi kys jafnskjótt, sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurlálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist að dómi ráðherra og með ráði nefndarinnar:

1. að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögnum fyrir árin 1914 og

1915 í 13. grein, B. II — XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum.

3. gr.

Enn fremur skal landsstjórninni með ráði nefndarinnar heimilt að leggja bann við útflutningi og sölu til manna, sem eigi eru hér búsettir, allrar nauðsynjavöru, hvort sem íslensk er eða innflutt, svo sem matvæla, veiðarfæra, kola, salts o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg að einhverju leyti eða öllu vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfuófriðar.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugerð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landstjórnin ákveður með ráði nefndarinnar, hvort gjöra skuli framan- greindar ráðstafanir og þá hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða og kveða á um verð á nauðsynjavörum í verslun.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.